



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

SAMÚÐARKVEÐJUR VEGNA NÁTTÚRUHAMFARA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent forseta Pakistan Pervez Musharraf, forseta Indlands Abdul Kalam og forseta Afganistan Hamid Karzai einlæggar samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar vegna jarðskjálftanna sem leitt hafa til dauða tugþúsunda manna og áréttað nauðsyn þess að alþjóðasamfélagið komi til hjálpar á slíkum neyðartímum.

Í samúðarkveðjunum víkur forseti Íslands að reynslu Íslendinga af náttúruhamförum á sviði jarðskjálfta og eldgosa. Sú reynsla hafi skapað sterka samkennd í hugum Íslendinga og stuðlað að þróun hjálparstarfs, bæði nýrrar tækni og þjálfunar björgunarfólks.

Í kveðjunni til forseta Indlands rifjar forseti Íslands upp að í opinberri heimsókn forseta Indlands til Íslands s.l. sumar hafi Indverjar leitað eftir því að Íslendingar myndu miðla þekkingu og tækni sem hér hafa orðið til varðandi viðvaranir og rannsóknir á aðdraganda meiriháttar jarðskjálfta. Nýlega hafi verið lögð drög að því að sú samvinna hæfist á skipulagðan hátt. Vonandi geti hún í framtíðinni dregið úr hörmungum íbúanna og hættum á mannfalli.

9. október 2005